# Mæling minja og skráning vegna stækkunnar Suðurlandsvegar í landi Gunnarshólma



Bjarni F. Einarsson
2022

Forsíðumyndin sýnir dyraumbúnað á torfhúsi í landi Gunnarshólma. (Fornleifar nr. 102:1. Horft mót A. Ljósm. BFE 2022).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Vegagerðina
Nóvember 2022

***Inngangur***

Að beiðni Eflu f.h. Vegagerðarinnar mældi Fornleifafræðistofan minjar á kafla sem er býsna nærri áhrifasvæði hins nýja Suðurlandsvegar í landi Gunnarshólma. Ekki var ástæða til að fara í gegnum heimildir, en svæðið var fyrst skráð árið 2006 og vafi lék á nákvæmri staðsetningu minjanna (Dagný Arnardóttir o.fl. 2006). Því fór Minjastofnun Íslands fram á að minjarnar yrðu mældar inn í landskerfið.

Vettvangsvinna fór fram þann 22. nóvember síðastsliðinn og var veður gott, en kallt.

Allar minjarnar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki, bæði punktur og umfang. Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar (mynd 2) með staðsetningu fornleifa.

Fulltrúi verkkaupa var Ómar Ingþórsson hjá Eflu.




Mynd 1 Staðsetning minjanna sem merkar eru með rauðu. Gömlu númerin sem byrja á GK eru úr fyrri skýrslu frá 2006 (Dagný Arnardóttir o.fl.). Svört númer eru röng, þar hafa nr. GK:B10 og 12 víxlast. Efst í mynd sést í þak austasta íbúðarhús í Gunnarshólma. (Loftmynd: Vegagerðin. Viðbætur: Vegagerðin-Fornleifafræðistofan).

***Skráningin***

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals voru þrjár minjar skráðar í tengslum við vettvangskönnunina, allar skráðar áður (Dagný Arnardóttir o.fl. 2006). Allar minjarnar þrjár töldust hafa lágt minja- og varðveislugildi nú í þessari skráningu og allar teljast þær vera í mikilli hættu vegna vegagerðarinnar.

Ekki er talin nauðsyn á frekari mótvægisaðgerðum nema við minjar nr. 102, sem er uppistandandi torfhús úr torfi, grjóti og steypu. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi þess þarf mótvægisaðgerða við. Húsið kann að standa ofan á eldri minjum. Hús þetta hlýtur að falla undir Húsafriðunarnefnd.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisaðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um

| Nr. | Teg. | Fj. | Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Minjagildi | Varðveislugildi | Friðlýst? | Mótv. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **102** | Hús | 1 | Vegagerð | Mikil | Ágætt | 1900-1950 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Þversnið |
| **103** | Matjurtagarður | 1 | Vegagerð | Mikil | Ágætt | 1900-1950 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| **104** | Húsgrunnur | 1 | Vegagerð | Mikil | Ágætt | 1900-1950 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| | Samtals: | 3 | | | | Meðaltal: | 2,66 | 2,66 | | |

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar/minjar í landi Vaðness. Hér er lagt mát á hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem kunna að fylgja í kjölfarið á skráningunni. Um viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinum fyrirhuguðu framkvæmdum var engin.

framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins ungum matjurtagörðum sem ekki uppfylla skilyrði laganna um verndun eru óþarfar nema sérsakar ástæður liggi fyrir. Rannsóknir á yngri húsum geta einskorðast við þverskurði í leit að eldri minjum undir, eða að ákveðinn hluti húsanna séu fullransakaðir, ef allt húsið er ekki fullrannsakað. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

## *Niðurstaða*

Allar minjarnar voru taldar í lægsta flokki. Allar teljast vera í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda.

Hugsanlega er hægt að sneiða hjá fornleifum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisaðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegum mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

## *Heimildir*

Dagný Arnardóttir og Ragnheiur Gló Gylfadóttir. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegar frá Hafravatni að Hveragerði*. Skriðuklausturrannsóknir. Sérverkefni 2. Reykjavík 2006. 2. útgáfa 26. júní 2006.

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012.

minjastofnun.is *Minjavefsjá*.

## *Fylgirit:*

*Fornleifaskrá:* Kópavogur Nr.102:1 - 104:1.

# Fornleifaskrá



| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | 102 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Gunnarshólmi | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 22.11.2022 | E 369414,5 N 400690,7 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Hús | Eldhús | Suðurl.vegur 2 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1900- | | Vegagerð | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 4 | Lítið | 4 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Utan í hraunhól.

*Heimildir og munnmæli*

Dagný Arnardóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegar frá Hafravatni að Hveragerði.* Skriðuklausturrannsóknir. Sérverkefni 2. Reykjavík 2006. 2. útgáfa 26. júní 2006.

*Lýsing*

**Hús.**
Úr torfi, grjóti, steypu, bárujárni og timbri. Um 6 x 10 m stórt. Ekki var hægt að greina þykkt veggja, en hún hefur verið nærri 2 m. Hæð þeirra var um 0,6-0,8 m.
Dyr snúa mót vestri og þar má sjá steypta veggi og sömuleiðis er steyptur veggur inni í rústinni að sunnanverðu. Kamína er í húsinu og tveir strompar úr steyptum vatnsrörum.
Ekki er hægt að útiloka að húsið standi ofan á eldri minjum.

Rústin var áður skráð undir númerinu GK:B10 og þá kallað uppistandandi torfbær. (Dagný Arnardóttir o.fl. 2006:16).

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | **103** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Gunnarshólmi | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 22.11.2022 | E 369441,3 N 400665,8 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Matjurtagarður | Kartöflugarður | Suðurl.vegur 2 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1900- | | Vegagerð | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í grasi gróinni lægð í grónu hrauni.

*Heimildir og munnmæli*

Dagný Arnardóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegar frá Hafravatni að Hveragerði.* Skriðuklausturrannsóknir. Sérverkefni 2. Reykjavík 2006. 2. útgáfa 26. júní 2006.

*Lýsing*

**Matjurtagarður.**
Um 5 x 7 m stór. Að austan og norðan er mjór veggur en að sunnan og vestan er garðurinn stunginn niður í hallann.
Veggurinn er 0,5 - 0,8 m breiður og 0,2 - 0,3 m hár.
Op er á garðinum að austanverðu, 0,7 m breitt.
Ekki er hægt að útiloka að um aðhald fyrir skepnur sé að ræða.

Rústin var áður skráð undir númerinu GK:B11 og þá kallað uppistandandi torfbær. (Dagný Arnardóttir o.fl. 2006:17).

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá



| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | **104** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Gunnarshólmi | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 22.11.2022 | E 369414,8 N 400654,9 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Húsgrunnur | Sumarbústaður? | Suðurl.vegur 2 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1900- | | Vegagerð | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Á grónu sléttu hrauni.

*Heimildir og munnmæli*

Dagný Arnardóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegar frá Hafravatni að Hveragerði.* Skriðuklausturrannsóknir. Sérverkefni 2. Reykjavík 2006. 2. útgáfa 26. júní 2006.

*Lýsing*

**Húsgrunnur.**
8 x 10 m stór. Við suðvesturjaðar er hraungrjót og á kafla á suðausturhliðinni.

Rústin var áður skráð undir númerinu GK:B12 og þá kallað uppistandandi torfbær. (Dagný Arnardóttir o.fl. 2006:17).

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.